

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Stefnis hf. vegna ársins 2023 var haldinn 11. mars 2024 að heimili félagsins, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 12:10.

1. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður Stefnis, setti aðalfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Þröstur Ríkharðsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma.

Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Þröstur tók við stjórn fundarins og lagði til að Fannar Freyr Ívarsson, ritari stjórnar félagsins, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og tiltók að til fundarins hefði verið boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 7. gr. samþykktá félagsins þann 21. febrúar 2024. Til fundarins væri mætt af hálfu hluthafa sem fara með alla hluti í félaginu. Fundurinn væri því lögmætur aðalfundur.

Fyrir fundinum lá samantekt stjórnar Stefnis hf. um hlutafjäreign hluthafa og atkvæðisrétt þeirra, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Dagskrá fundarins

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreikning fyrir s.l. starfsár, þ.e. liðir 2 og 3, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu framkvæmdastjóra félagsins. Enginn hreyfði við andmælum og var því tillagan samþykkt. Var þá gengið til boðaðrar dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár. Stjórnarformaður fór yfir afkomu, innri mál og framtíðarhorfur í rekstri félagsins.

3. Staðfesting ársreiknings

Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár og fjallaði um meginþætti í rekstri félagsins á árinu.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og staðfestingu ársreiknings.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, kvaddi sér hljóðs og hrósaði félaginu, starfsfólki og stjórn fyrir góðan árangur á árinu í verulega krefjandi markaðsumhverfi. Óskaði hann félaginu sérstaklega til hamingju með vel heppnaða stofnun sjóðsins SRE III slhf. og kaup þess sjóðs á öllu hlutafé í Heimstaden ehf. Þá kom fram í máli hans að hann telji að spennandi tímar væru framundan hjá félaginu og margvísleg tækifæri sem hægt sé að nýta.

Þá bar fundarstjóri ársreikning Stefnis upp til samþykktar og var hann samþykktur.

4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Gerð var tillaga um arðgreiðslu að fjárhæð 1.000 milljónir króna.

Fulltrúa hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna síðan undir atkvæði og var hún samþykkt.

6. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum félagsins bæri að kjósa stjórn á aðalfundi. Í fundargögnunum væri að finna nöfn þeirra einstaklinga sem hefðu boðið sig fram til setu í stjórn félagsins.

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Guðmundur Jóhann Jónsson, kt. 041159-2439;

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, kt. 230969-5239; og

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, kt. 180863-3629.

Sjálfkjörið var í stjórn félagsins.

7. Staðfesting endurskoðenda félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að Deloitte ehf. haldi áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi Stefnis hf. fram að næsta aðalfundi.

Gerð var grein fyrir því að Deloitte ehf. er endurskoðunarfélag móðurfélags og skal í samræmi 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal kjósa sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Deloitte heldur því áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi félagsins, er það jafnframt í samræmi við samning Arion banka við Deloitte sem gerður var í lok árs 2021 og gildir um endurskoðun árána 2022, 2023 og 2024.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúa hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna. Enginn tók til máls og var gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt.

8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að starfskjarastefna félagsins verði uppfærð og samþykkt eins og hún lá fyrir fundinum.

Í greinargerð með tillögu stjórnar kom m.a. fram að þær breytingar sem lagðar væru til feli m.a. í sér innleiðingu á ákvæðum laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, en í þeim lögum voru innleidd ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 201//2088 („SFDR“). Væru breytingarnar í samræmi við stefnu félagsins sjálfbærnimálum.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúa hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til samþykktar. Var tillaga stjórnar að breytingum á starfskjarastefnu samþykkt.

9. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Því næst bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn:

Gerð er sú tillaga að almennir stjórnarmenn fái greiddar 368.000 kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greidd tvöföld laun stjórnarmanna. Nefndarmenn undirnefnda fái greiddar 154.200 kr. á mánuði fyrir setu sína í undirnefndum, óháð fjölda nefnda.

Fundarstjóri gaf fulltrúa hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Ekki var óskað eftir því og var því gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt.

10. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir tók þá til máls og þakkaði hluthöfum traustið sem þeir sýndu stjórnarmönnum. Þá þakkaði hún bæði hluthöfum og starfsfólki félagsins samstarfið á árinu.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri aðalfundi Stefnis hf. árið 2024, fyrir árið 2023, slitið kl. 13:10.

Reykjavík, 11. mars 2024

Þröstur Ríkhartsson
fundarstjóri

Fannar Freyr Ívarsson
fundarritari